

# STJÓRNARTÍÐINDI B 62 – 1991

---

---

29. nóvember 1991

1053

Nr. 548

## REGLUGERÐ

### um jöfnunartoll á innfluttar kökur.

#### 1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu jöfnunartoll af kökum, sem flokkast í tnr. 1905.9040 í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með áorðnum breytingum. Jöfnunartollur skal vera 38 kr. fyrir hvert kílógramm.

#### 2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, innheimtu, stöðvun tollafgreiðslu, lögvernd, viðurlög, refsingu og aðra framkvæmd innheimtu jöfnunartolls skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

#### 3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu jöfnunartolls samkvæmt reglugerð þessari og standa skil á honum til ríkissjóðs eftir þeim fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur um skil innflutningsgjalda, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 118. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi 1. desember 1991 og skal hún gilda til 31. maí 1992.

*Fjármálaráðuneytið, 29. nóvember 1991.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*

20. nóvember 1991

## AUGLÝSING

Nr. 549

### um umferð í Mosfellsbæ.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin biðskylda á Miðholt gagnvart Markholti.

Ákvörðun þessi tekur gildi 15. desember 1991.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 20. nóvember 1991.*

**Böðvar Bragason.**

B 75

Prentsmiðjan Gutenberg hf.